

Leiðbeiningar

Minjastofnun Íslands

8

## Skráningarstaðlar

### *Staðlar fyrir skráningu fornleifa*

Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen og Ómar Valur Jónasson  
2026



Minjastofnun  
Íslands

---

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

---



*Ritnefnd*

Agnes Stefánsdóttir, Gísli Óskarsson, Sólrún Inga Traustadóttir og Þuríður Elísa Harðardóttir

*Höfundar*

Margrét Valmundsdóttir, Oddgeir Isaksen og Ómar Valur Jónasson

*Ljósmynd á forsiðu*

Árnesþing

Sigurður J. Bergsteinsson

© 2026

Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

ISBN 978-9935-9766-4-2

**Minjastofnun Ísland**

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Iceland

(354) 570 13 00

[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

## Efnisyfirlit

|           |                                            |           |
|-----------|--------------------------------------------|-----------|
| <b>1.</b> | <b>Inngangur .....</b>                     | <b>3</b>  |
| <b>2.</b> | <b>Framkvæmd fornleifaskráningar .....</b> | <b>4</b>  |
| 2.1       | Heimildavinna .....                        | 4         |
| 2.2       | Vettvangsvinna .....                       | 5         |
| 2.2.1     | Samtöl við staðkunnuga.....                | 5         |
| 2.2.2     | Skráning minja á vettvangi .....           | 5         |
| 2.3       | Úrvinnsla og skýrslugerð.....              | 8         |
| 2.3.1     | Skýrsla .....                              | 8         |
| 2.3.2     | Áhrif tilefnis .....                       | 11        |
| 2.3.3     | Minjagildi og mótvægisáðgerðir .....       | 11        |
| <b>3.</b> | <b>Skil á skráningargögnum.....</b>        | <b>12</b> |
| 3.1       | Úthlutun verkefnanúmers.....               | 12        |
| 3.2       | Úrvinnsla uppmælinga .....                 | 12        |
| 3.2.1     | Punkta-, línu- og flákagögn.....           | 12        |
| 3.2.2     | Gagnatafla .....                           | 13        |
| 3.2.3     | Ljósmyndir .....                           | 13        |
| 3.3       | Lokaskil.....                              | 13        |
| <b>4.</b> | <b>Tilefni fornleifaskráningar .....</b>   | <b>14</b> |
| 4.1       | Aðalskipulag .....                         | 14        |
| 4.2       | Deiliskipulag .....                        | 15        |
| 4.3       | Verndarsvæði í byggð .....                 | 15        |
| 4.4       | Umhverfismat .....                         | 15        |
| 4.5       | Veitulagnir .....                          | 15        |
| 4.6       | Vegagerð .....                             | 15        |
| 4.7       | Framkvæmdir .....                          | 15        |
| 4.8       | Skógrækt .....                             | 16        |
| 4.9       | Rannsóknir .....                           | 16        |

## 1. Inngangur

Eftirfarandi eru staðlar vegna fornleifaskráningar og leiðbeiningar um skil á skráningargögnum til Minjastofnunar Íslands.

Forverar þessa skjals, *Staðlar vegna fornleifaskráningar* gefnir út af Minjastofnun Íslands árið 2013 og *Leiðbeiningar vegna skila á skráningargögnum* árið 2016 voru ekki lengur í samræmi við kröfur stofnunarinnar eftir innleiðingu nýs gagnagrunns og vefsjár hjá Minjastofnun Íslands árið 2022. Af þeim sökum var ákveðið að uppfæra staðla og leiðbeiningar um skil vegna fornleifaskráningar og sameina í eitt skjal ásamt því að skráningarsniðmát, sem skráningaraðilar hafa þurft að fylla út fyrir skil á gögnum, var uppfært.

Minjastofnun Íslands gerir kröfu um að farið sé eftir þeim stöðlum sem hér koma fram þegar unnið er að fornleifaskráningu, svo sem lögbundinni fornleifaskráningu eða skráningu í rannsóknarskyni. Til þess að skráning teljist gild þarf hún að uppfylla staðla þessa og fá staðfestingu Minjastofnunar Íslands, óháð því af hvaða tilefni hún er gerð sbr 15. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012. Æskilegt er að fornleifaskráning sé unnin af aðila sem býr yfir reynslu og þekkingu af skráningu fornleifa og hefur viðeigandi menntun, svo sem gráðu í fornleifafræði.

Fjalla staðlarnir annars vegar um framkvæmd fornleifaskráningar, þ.e. heimildavinnu, vettvangsvinnu og skýrslugerð, og hins vegar um kröfur sem gerðar eru til skráninga af mismunandi tilefni. Í kafla um skil á skráningargögnum er svo fjallað um þau gögn sem skila þarf inn til Minjastofnunar Íslands svo að fornleifaskráning teljist vera gild en skráningu á tilteknu svæði telst ekki lokið fyrr en gögnin hafa hlotið staðfestingu Minjastofnunar Íslands.

## 2. Framkvæmd fornleifaskráningar

Skipta má fornleifaskráningu í fjögur stig, þ.e. heimildavinnu, vettvangsvinnu, úrvinnslu/skýrslugerð og skil á gögnum til Minjastofnunar Íslands. Segja staðlarnir til um hvaða skilyrði beri að uppfylla á hverju stigi svo skráningin geti talist fullnægjandi.

### 2.1 Heimildavinna

Heimildavinna vegna fornleifaskráningar gengur út á að leita vísbendinga um minjar í heimildum. Misjafnt getur verið hversu aðgengilegar heimildir eru um svæði sem eru til athugunar vegna fornleifaskráningar. Ómögulegt er því að setja fram afgerandi kröfur um heimildir sem kannaðar skulu hverju sinni. Minjastofnun Íslands mun þó horfa til ákveðinna lykilheimilda við mat á því hvort fornleifaskráning teljist fullnægjandi eða ekki. Þessar lykilheimildir eru eftirfarandi:

- Örnefnaskrár
- Friðlýsingaskrár
- Túnakort
- Loftmyndir
- Kort (dæmi: Herforingjaráðskortin og örnefnakort)
- Jarðabækur og Jarðatöl
- Landamerkjaskrár
- Sýslu- og sóknarlýsingar
- Árbók Hins íslenska fornleifafélags
- Byggðasögurit (dæmi: Sunnlenskar byggðir)
- Íslenskt fornbréfasafn

Fylgja skal almennum akademískum vinnubrögðum um tilvísanir í heimildir, heimildaskrá og úrvinnslu gagna. Í skráningarskýrslum þarf að vera skýrt hvaðan hver tilvitnun kemur, þ.e. tilvísun á eftir hverri tilvitnun. Einnig þarf að vísa í uppruna kortagagna, loftmynda og ljósmynda. Gæta skal samræmis í tilvitnunum og heimildaskrá. Skýra skal frá heimildum sem voru yfirfarnar við heimildavinnu en vísuðu ekki á neinar minjar. Gera skal grein fyrir slíkum heimildum í kafla um aðferðafræði og/eða í heimildaskrá. Ef þær eru hafðar í heimildaskrá er mælt til þess að notaður sé sérstakur undirkafla, líkt og gert er með „Óprentaðar heimildir“, sem gæti þá heitið „Aðrar yfirfarnar heimildir“ eða einfaldlega „Yfirfarnar heimildir“.

Túnakort skulu ávallt birtast í skýrslunni. Hnitsetning túnakorta getur reynst vandasöm, en takist hún er æskilegt að skrásetjari birti hnitsett kort ásamt uppmælingum. Að öðrum kosti skal óhnitsett túnakort birt sem mynd í skýrslunni.

Æskilegt er að skýrslur séu prófarkalesnar og þess gætt að texti sé skýr, skilmerkilegur og flæði vel en sé ekki eingöngu upptalning á staðreyndum/heimildum um viðkomandi minjar.

Auk framangreindra heimilda ættu skrásetjarar ávallt að kynna sér fornleifarannsóknir og skráningarverkefni sem þegar hafa farið fram á því svæði sem er til athugunar.

## 2.2 Vettvangsvinna

Vettvangsvinna skiptist í tvennt; samtöl við staðkunnuga og skráningu minja.

### 2.2.1 Samtöl við staðkunnuga

Áður en farið er á vettvang skal leitast við að ná tali af staðkunnugum sem veitt geta upplýsingar um það svæði sem er til athugunar hverju sinni. Hefur reynslan sýnt að þessir aðilar geta oft á tíðum bætt við upplýsingum um minjar og minjastaði. Einnig geta staðkunnugir oft varpað ljósi á ýmis vafaatriði, til að mynda óljósar vísbendingar úr heimildum, vitneskju um minjar sem hvergi eru nefndar í heimildum eða skorið úr um tilvik þar sem minjar hafa verið skráðar oftár en einu sinni.

Minjastofnun gerir þó ráð fyrir þeim möguleika að ekki hafi tekist að hafa upp á staðkunnugum einstaklingum og skal gert grein fyrir því í skýrslu.

### 2.2.2 Skráning minja á vettvangi

Skráning minja á vettvangi felur í sér þrjú eftirfarandi atriði:

- Söfnun skráningarupplýsinga
- Staðsetningu og uppmælingu
- Ljósmyndun

Skráningaraðili skal leita af sér allan grun um minjar á skráningarsvæðinu og fara á alla staði þar sem líklegt er að minjar gætu fundist óháð því hvort heimildir séu um þær eða ekki. Allt skráningarsvæðið skal gengið skipulega, nema annað sé tekið fram í fyrirmælum Minjastofnunar, til þess að mögulegt sé að öðlast heildaryfirsýn af öllu skráningarsvæðinu.

Miða skal við að skrá minjar á minjastað sem sjálfstæðar einingar fremur en að þær séu allar skráðar undir sama númeri (yfirmúmeri). Dæmi um þetta eru selstöður sem áður fyrr voru gjarnan skráðar sem ein heild. Þar má, auk selsins, vænta þess að finna önnur mannvirki, t.a.m. kvíar, fjárhús, mjólkurhús, gerði og vörslugarða sem öll ætti að skrá sem sjálfstæðar einingar. Annað dæmi væri bæjarhóll þar sem skrá ætti bæjarhólinn sem eina einingu og svo aðrar minjar sem á honum kunna að standa sem sjálfstæðar einingar. Þó svo að minjar séu skráðar sem sjálfstæðar einingar þarf þó að sýna aðgát svo að þær glati ekki samhengi sínu við nærliggjandi minjar, sem og minjaheild, í umfjöllun og lýsingu. Ekki skal eingöngu skrá minjar sem eru sýnilegar á yfirborði, heldur skal einnig leitast við að skrá minjar sem eru horfnar af einhverjum orsökum. Oft má áætla staðsetningu þeirra út frá fyrri heimildavinnu, og skulu þær gróflega teiknaðar upp sem fláki umhverfis áætlaða staðsetningu. Það hefur margoft verið sýnt fram á að minjar geta víða leynst undir sverði þótt engin ummerki um þau sjáist á yfirborði. Stundum er þó ómögulegt að staðsetja heimildir og þarf því aðeins að geta þeirra í skýrslu en ekki merkja landfræðilega.

| Heiti             | Lýsing                                                         | Skilgreining           | þarf að fylla út |
|-------------------|----------------------------------------------------------------|------------------------|------------------|
| verkefnanúmer     | Verkefnanúmer skráningar, úthlutað af Minjastofnun Íslands     | xxxx                   |                  |
| minj_ID           | Auðkenni minja skv. skráningarkerfi MÍ                         | xxxx-001               | ✓                |
| auðkenni          | Auðkenni skrásetjara fyrir minjar, annað en „minj_id“          |                        |                  |
| eldra, minj_ID    | Eldra minj_id minja, ef minjar hafa verið skráðar áður         | xxxx-001               |                  |
| eldra, auðkenni   | Eldra auðkenni fyrir minjar, annað en „eldra_minj_id“          |                        |                  |
| skrásetjari       | Fullt nafn allra skrásetjara, aðskilin með kommu               | „Jón Jónsson“          | ✓                |
| heimsótt          | Dagsetning skráningar                                          | DD.MM.ÁÁÁÁ             | ✓                |
| jörð, núverandi   | Núverandi heiti jarðar                                         |                        |                  |
| jörð, 1847        | Heiti jarðar árið 1847                                         | Jarðatal Johnsen       | ✓                |
| sérheiti          | Sérheiti minja, ef á við                                       |                        | ✓                |
| minjaflokkur      | Stöðluð hugtök um minjaflokk sem minjar tilheyra               | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| tegund            | Stöðluð tegund minja                                           | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| tegund 2          | Stöðluð tegund minja, ef fleiri en ein                         | Sjá skráningar sniðmát |                  |
| hlutverk          | Staðlað hlutverk minja                                         | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| hlutverk 2        | Staðlað hlutverk minja, ef fleiri en eitt                      | Sjá skráningar sniðmát |                  |
| verndun           | Hvaða verndun falla minjar undir (friðað / friðlýst / annað)   | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| ástand            | Lýsing á ástandi minja, staðlað                                | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| horfin, vegna?    | Lýsing á því hvers vegna minjar eru horfnar, staðlað           | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| hættumat          | Mat hvort viðvarandi hætta steðjar að minjum, staðlað          | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| viðvarandi hætta  | Viðvarandi hætta sem steðjar að minjum, staðlað                | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| hætta v. tilefnis | Hætta sem steðjar að minjum vegna tilefnis skráningar, staðlað | Sjá skráningar sniðmát | ✓                |
| umhverfi          | Lýsing á nánasta umhverfi, staðlað                             | Sjá skráningar sniðmát |                  |
| byggingarefni     | Byggingarefni minja, staðlað                                   | Sjá skráningar sniðmát |                  |
| athugasemd        | Athugasemd skrásetjara um minjar                               |                        |                  |
| lýsing            | Almenn lýsing á minjum og aðstæðum                             |                        |                  |
| ljósmyndir        | Auðkenni fyrir ljósmyndir ef annað en „minj_id“ eða „auðkenni“ |                        |                  |
| aldur, frá        | Áætlaður mesti mögulegi aldur minja                            | 800                    |                  |
| aldur, til        | Áætlaður minnsti mögulegi aldur minja                          | 2025                   |                  |
| vegg hæð, frá     | Minnsta hæð veggja                                             | Í metrum (t.d. 0.7)    |                  |
| vegg hæð, til     | Mesta hæð veggja                                               | Í metrum (t.d. 1.2)    |                  |
| veggþykkt, frá    | Minnsta breidd veggja                                          | Í metrum (t.d. 0.7)    |                  |
| veggþykkt, til    | Mesta breidd veggja                                            | Í metrum (t.d. 1.2)    |                  |
| eastings (X)      | Austurhnit í ISN93                                             | xxxxxx.xx              |                  |
| northings (Y)     | Norðurhnit í ISN93                                             | xxxxxx.xx              |                  |

### *Söfnun skráningarupplýsinga*

Með skráningarupplýsingum er átt við þau atriði sem gera þarf grein fyrir við skráningu minja. Skulu skráningarupplýsingar þessar fylgja stöðlum Minjastofnunar Íslands sem hér fara á eftir. Ítarlegri upplýsingar um stöðlun gagnanna er að finna í skráningarsniðmáti (Excel töflu) sem aðgengilegt er á heimasíðu stofnunarinnar eða hjá starfsfólki skráningardeildar. Hér fyrir ofan má sjá uppbyggingu skjalsins og skilgreiningar hvers dálks. Staðlaðir dálkar taka aðeins við fyrirfram skilgreindum hugtökum og lætur skjalið vita ef ekki er um staðlað hugtak að ræða. Minjastofnun mælir eindregið með að notfæra sér skjalið til einföldunar við úrvinnslu. Skráningarsniðmátið er hluti af stöðlum, en það getur þó tekið breytingum og uppfærslum óháð þessu skjali.

### *Staðsetning og uppmæling*

Allar minjar skulu mældar upp, þar sem kostur er, t.a.m. þegar um er að ræða sjáanlega tóft, garðlag o.þ.h. Með uppmælingu er átt við að viðkomandi minjar skulu teiknaðar upp með þar til gerðu mælitæki þannig að lögun þeirra sé greinileg eftir að gögnum hefur verið varpað inn á kort. Í sumum tilfellum nægir að taka punkt sem mælingu, t.a.m. þegar um er að ræða minjar líkt og vörður eða vöð. Notast skal við staðsetningartæki sem eru fær um að gera uppmælingar í punktum, línunum og flákum. Æskilegt er að skekkja í mælingum sé undir 1 m og alls ekki meiri en 3 m. Gera verður grein fyrir gerð mælitækis og skekkju í skýrslu. Ætlast er til þess að skrásetjarar leitist við að mæla minjar upp með flákum ef hægt er, en þó er gert ráð fyrir þeim möguleika að mælingar með línunum eða punkt henti betur í einhverjum tilvikum.

Skráningarupplýsingar (sjá töflu hér að framan) skulu fylgja uppmælingum og gefst skrásetjurum kostur á að setja upp þar til gerð skráningarform á mælitækin sem notað er við skráninguna. Er hægt að nálgast skráningarformin og leiðbeiningar við uppsetningu þeirra hjá starfsfólki skráningardeildar.

### *Ljósmyndun*

Minjar skulu ávallt vera ljósmyndaðar a.m.k einu sinni og skal gera grein fyrir áttavísun fyrir hverja mynd. Ef um minjaheildir er að ræða, til að mynda minjar á selstöðum eða eyðibýlum, er jafnframt æskilegt að minjarnar séu myndaðar úr lofti með dróna.

## 2.3 Úrvinnsla og skýrslugerð

Skrásetjurum ber að skila skýrslu úr öllum skráningarverkefnum jafnvel þótt engar minjar hafi verið skráðar. Skal innihald skýrslunnar vera í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands (sjá [kafla 2.3.1](#)). Áður fyrr bar við að stuttar greinargerðir eða svonefnd skráningarbréf væru talin fullnægjandi í smærri verkefnum, einkum þar sem engar minjar voru skráðar. Ekki er lengur tekið við slíkum gögnum. Ávallt þarf ítarlega umfjöllun um svæðið og þá vinnu sem farið var í þó svo að engar minjar hafi fundist.

Minjastofnun Íslands lítur svo á að skráning minja sé sjálfstæð rannsókn og eigi að standa til frambúðar sem slík, óháð því hvert tilefni hennar er. Umfjöllun um minjar í skýrslum ætti því ekki að miðast út frá áhrifum tímabundinna aðstæðna, eins og yfirvofandi framkvæmda. Samkvæmt þessu gerir Minjastofnun Íslands nú kröfu um að umfjöllun er varðar áhrif mismunandi tilefnis skráningar, verði sett fram í sérstökum kafla eða sem viðauki (sjá [kafla 2.3.2](#)).

### 2.3.1 Skýrsla

Skýrslur þurfa að innihalda eftirfarandi kafla:

- Inngangur
- Aðferðir/framkvæmd
- Söguleg yfirferð (má vera innan Minjaskrár)
- Minjaskrá
- Minjakort (myndir/kort af uppmælingum)
- Niðurstöður
- Áhrif tilefnis
- Viðaukar

### *Inngangur*

Í inngangi skýrslu skal gera grein fyrir eftirfarandi atriðum:

- Tilefni skráningar (deiliskipulag, hverfissskipulag, vegagerð o.s.frv.)
- Fyrir hvern verkið var unnið (þar sem við á)
- Rannsóknarspurning (þar sem við á)
- Skráningarsvæði. Kort sem sýnir staðsetningu og umfang skráningarsvæðisins með skýrum hætti. Annars vegar yfirlitskorti sem sýnir staðsetningu svæðisins á landsvísu, og hins vegar nákvæmara korti sem sýnir útlínur þess. Í vissum tilvikum má þó sameina þessar upplýsingar á einu korti.
- Hver vann skráninguna
- Hvenær skráningin var unnin

### *Aðferðir/framkvæmd*

Í aðferðakafla þarf eftirfarandi að koma fram:

- Hvaða heimildir voru kannaðar
- Hvaða aðferðum var beitt á vettvangi
  - Var talað við staðkunnuga?
    - Koma þarf fram við hverja var talað og ef ekki var rætt við alla staðkunnuga aðila, skal greina frá ástæðum þess
  - Hvernig yfirferð yfir svæðið var háttað (sbr. kröfur vegna mismunandi tilefna fornleifaskráningar, sjá [5. kafla](#)). Ef einhver svæði voru ekki gengin skal greint frá ástæðum þess hér.
  - Hvernig voru minjarnar skráðar
    - Ljósmyndun
    - Uppmælingar (tegund tækis, hnitaviðmiðunarkerfi)

### *Söguleg yfirferð*

Í sögulegri yfirferð á að vera stutt umfjöllun, í tímaröð, um helstu rituðu heimildir sem finnast um viðeigandi jörð/jarðir innan skráningarsvæðis. Nóg er að gera beinar tilvitnanir í þær lykilheimildir sem fundust við heimildavinnu. Þegar einungis hluti jarðar, t.d. vegna lagna, vegagerðar eða annarra afmarkaðra framkvæmda, fellur undir skráninguna, er slík yfirferð ekki alltaf nauðsynleg. Í þeim tilvikum má stytta sögulega yfirlitið verulega. Yfirlitið er oft hluti af minjaskrá en getur einnig verið sér kafli.

### *Minjaskrá*

Í minjaskrá skal koma fram ítarleg lýsing á minjum, útliti þeirra og ástandi og skulu þessar upplýsingar settar fram á skýran og skilmerkilegan máta. Einnig skal leitast við að lýsa aðstæðum og umhverfi þar sem minjar eru staðsettar. Horft skal til þess hvernig aðstæður og gróðurfar geta haft áhrif á minjar, t.a.m. minjar í

heimatúni. Fjalla skal um samhengi minja á hverjum minjastað, þá sérstaklega ákveðnar minjaheildir t.a.m. selstöður. Einnig skal koma fram rökstuðningur skrásetjara fyrir einkennum, t.d. hvers vegna hann telji minjarnar vera frá 19. öld og hvers vegna hann telji að hér sé um fjárhús að ræða. Í mörgum tilvikum, sérstaklega þegar um er að ræða skrá yfir mjög gamlar fornleifar, verða upplýsingar um tegund, hlutverk og aldur fornleifa lítið annað en tilgátur skrásetjara. Gera þarf greinarmun á því hvort um tilgátu sé að ræða eða vissu og hverjar sannanirnar og rökin eru.

Kort með uppmælingum og/eða ljósmynd skal fylgja lýsingu á minjum. Undantekningar geta verið á þessu, t.d. þar sem um heimild er að ræða og engar minjar eru sjáanlegar. Algennt er að minjaskrá sé sett fram í sérstökum kafla en hana má þó einnig birta sem viðauka aftan við skýrslu. Fyrir allar minjar væri æskilegt að gefa upp staðsetningu með hnitum í ISN93 hnitakerfinu, annað hvort í minjaskrá eða í sérstakri hnitatöflu. Í þeim tilfellum þar sem um er að ræða uppmælingar (þ.e. lína eða fláki) skal gefa upp hið minnsta eitt hnit sem vísar því sem næst í miðpunkt þeirra (svokallaður *Centroid* í QGIS og ArcGIS).

#### *Minjakort*

Ávallt skal hafa að minnsta kosti eitt yfirlitsminjakort í skýrslu sem sýnir allar skráðar minjar innan skráningarsvæðis. Einnig skal hafa eitt eða fleiri minjakort þar sem mælikvarði er stærri þannig að mögulegt sé að sjá útlínur stakra minja á kortinu. Í einhverjum tilfellum, þá einkum fyrir smærri skráningarsvæði, gæti yfirlitskort yfir allar skráðar minjar verið í nægilega stórum mælikvarða svo útlínur sjáist og því aðeins þörf á einu korti. Mælikvarði, norðurör og skýringar (*legend*) skulu vera til staðar á kortum þar sem við á.

#### *Niðurstöður*

Í niðurstöðukafla skulu teknar saman helstu niðurstöður skráningarinnar, svo sem heildarfjöldi skráðra minja eða ef engar minjar fundust. Einnig skal leitast við að setja inn umfjöllun um minjarnar í stærra samhengi, svo sem umfjöllun um langvarandi hættu (náttúruvá), lýsingu á menningar- og búsetulandslagi o.s.frv. Helsta vægi minja er að geta upplifað þær í samhengi við aðrar menningarminjar og í að mestu óröskuðu umhverfi. Það veitir fólki tækifæri til þess að skilja og skynja fortíðina í núverandi landslagi. Með því að horfa aðeins til allra nánasta umhverfis einstakra minja eru minjarnar komnar úr samhengi og búið að raska menningar- og búsetulandslaginu. Því er nauðsynlegt við skráningu að horft sé til þess samhengis sem minjarnar eru í sérstaklega þegar fornleifaskráning á sér stað vegna framkvæmda. Þar sem minjar eru skráðar, sem ljóst þykir að tilheyri minjaheild (t.d. bæjarhóll), skal leitast við að skrá alla minjaheildina, jafnvel þó að hluti hennar falli utan skráningarsvæðis.

### 2.3.2 Áhrif tilefnis

Skráning minja er hugsuð til frambúðar og skal hún ekki vera lituð af áhrifum tímabundinna aðstæðna. Minjastofnun Íslands gerir þó þá kröfu að skrásetjarar fjalli sérstaklega um þau áhrif sem tilefni skráningarinnar mun hafa á skráðar minjar og skal það gert í sérstökum kafla eða viðauka og skulu þar koma fram þær hættur sem steðja að minjum vegna tilefnis skráningarinnar. Þar skal fjallað um allar minjar sem eru innan áhrifsvæðis tilefnisins sem og þær minjar þar sem friðhelgi þeirra (15 m fyrir friðaðar minjar og 100 m fyrir friðlýstar) skarast við áður nefnd áhrifsvæði.

### 2.3.3 Minjagildi og mótvægisáðgerðir

Minjastofnun Íslands gerir ekki kröfu til skrásetjara að leggja fram tillögur að mati á gildi minja né að mótvægisáðgerðum. Kjósi skráningaraðili að setja fram slíkt mat þarf matið að vera gagnsætt og forsendur þess ljósar. Skýrt skal tekið fram að um tillögu skrásetjara sé að ræða.

Hvort sem slíkar tillögur liggja fyrir eða ekki, er athygli vakin á því að það er í höndum Minjastofnunar Íslands að taka lokaákvörðun um mótvægisáðgerðir út frá mati stofnunarinnar, sbr. 21. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda ákveður Minjastofnun Íslands hvort frekari rannsókna er þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum.

## 3. Skil á skráningargögnum

### 3.1 Úthlutun verkefnanúmers

Áður en skrásetjari getur fullunnið minjaskrá og skráningarupplýsingar fyrir uppmælingar, þarf viðkomandi að fá úthlutað verkefnanúmeri fyrir skráningarsvæðið frá Minjastofnun Íslands. Til þess þarf að senda landupplýsingaskrá sem sýnir umfang skráningarsvæðis á netfangið [skraning@minjastofnun.is](mailto:skraning@minjastofnun.is) eða fylla út [umsóknareyðublað](#) á heimasíðu stofnunarinnar. Í einhverjum tilfellum hafa skráningaraðilar fengið slíka skrá afhenta fyrirfram frá þeim skipulags- og framkvæmdaaðilum sem þeir eru að vinna fyrir en í öðrum tilfellum gæti skráningaraðili þurft að teikna upp svæðið sjálfur. Hægt er að senda landupplýsingaskrá á .shp, .dxf, .csv eða .gpkg formi. Starfsmenn Minjastofnunar Íslands geta einnig leiðbeint með hnitsetningu loftmynda/uppdraða ef landfræðileg gögn fyrir skráningarsvæðið eru ekki til staðar.

Þegar umfang skráningarsvæðis hefur borist Minjastofnun Íslands er það fært í gagnagrunn stofnunarinnar og skráningaraðili fær verkefnanúmer sent til baka. Athugið að auðvelt er að uppfæra/breyta skráningarsvæði og/eða upplýsingum (svo sem titli skýrslu) um viðkomandi skráningu ef svæðið/skráningarverkefnið tekur breytingum meðan á skráningu stendur. Einnig er möguleiki að fela verkefnaflákann í opinberum gögnum stofnunarinnar, þar til verki er lokið, sé þess óskað.

Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja beiðni um úthlutun verkefnanúmers:

- Nafn skráningarverkefnis (má vera til bráðabirgða, hægt að breyta)
- Nafn fyrirtækis (ef eitthvert er)
- Tilefni skráningar (deiliskipulag, umhverfismat, framkvæmdir o.s.frv.)
- Nafn skrásetjara (eða þess sem stýrir viðkomandi verkefni)
- Umfang skráningarsvæðis (eins nákvæmt og möguleiki er á)

### 3.2 Úrvinnsla uppmælinga

#### 3.2.1 Punkta-, línu- og flákagögn

Fyrir uppmælingargögn, þ.e. punkta-, línu- og flákagögn, skal landupplýsingaskrár skilað á .shp, .dxf eða .gpkg formi. Skal eigindatafla (*attribute table*) þessara gagna innihalda a.m.k. dálkinn `minj_id`, sem er einkvæmt auðkenni minja og byggt er á verkefnanúmeri og hlaupandi númeri minja innan verkefnis. Það er mjög mikilvægt að `minj_id` komi fram í eigindatöflu, þar sem það er notað

til að tengja uppmælingar við upplýsingar í gagnatöflu (sjá [kafla 3.2.2](#)) eftir að hún hefur verið færð inn í gagnagrunn Minjastofnunar Íslands. Uppmælingagögn mega innihalda aðra dálka en eingöngu minj\_id dálkurinn er nauðsynlegur.

Einnig ber að nefna að ætlast er til að skrásetjarar lagfæri/snyrti uppmælingar í QGIS/ArcGIS eða öðrum landupplýsingahugbúnaði, áður en þeim er skilað til Minjastofnunar Íslands. Í því felst t.a.m. að gæta þess að línur skarist ekki og útlínur uppmælinga séu ekki skörðóttar. Gott er að notast við tól líkt og „*check validity*“ fyrir QGIS eða „*check geometry*“ fyrir ArcGIS áður en gögnum er skilað.

### 3.2.2 Gagnatafla

Skrásetjarar skulu skila gagnatöflu um minjar á Excel-formi, sem inniheldur allar helstu upplýsingar um hinar skráðu minjar, sbr. upplýsingar sem koma fram í kaflanum um skráningu minja á vettvangi (sjá [kafla 2.2.2](#)).

Til hægðarauka hefur Minjastofnun Íslands útbúið skráningarsniðmát af gagnatöflunni sem skráningaraðilar geta nálgast á [heimasíðu stofnunarinnar](#) eða hjá starfsmönnum skráningardeildar.

### 3.2.3 Ljósmyndir

Loks ber að skila a.m.k. þeim ljósmyndum sem birtast í skýningarskýrslu en þó er æskilegt að skila einni nothæfri ljósmynd af öllum skráðum minjum. Ljósmyndir af minjum skulu merktar/endurnefndar með einkvæmu auðkenni. Má það vera minj\_id eða annað það einkvæma auðkenni sem skrásetjari notast við í sínum grunni. Einnig skal skila yfirlitsmyndum, svo sem drónamyndum, af stærri minjaheildum ef við á. Þær skal merkja/endurnefna með öllum minj\_id eða auðkennum sem eru viðfangsefni yfirlitsmyndarinnar (t.d. 1000-001,002,003.png). Ef fjöldi mynda er mikill og þar af leiðandi ekki hægt að senda þær ásamt öðrum gögnum í gegnum tölvupóst er hægt að skila þeim í gegnum gagnagátt fyrir ljósmyndir, [hér](#). Hafi skrásetjari hnitsett túnakort má gjarnan skila því inn með ljósmyndum.

## 3.3 Lokaskil

Skrásetjara ber að skila fullunnum gögnum, þ.e. skráningarskýrslu, viðaukum, uppmælingum, gagnatöflu og ljósmyndum í tölvupósti til viðeigandi minjavarðar sem og á netfangið [skraning@minjastofnun.is](mailto:skraning@minjastofnun.is). Verkefni fullnægja ekki kröfum Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu nema að staðfesting þess efnis hafi borist frá stofnuninni.

## 4. Tilefni fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, 21. grein, kemur skýrt fram að enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar má spilla, granda, breyta, hylja, laga eða aflaga né flytja úr stað fornleifar nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. Forsenda þess að geta verndað fornleifar og komið í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar er að hafa vitneskju um tilvist og staðsetningu þeirra. Því var einnig sett í lög ákvæði þess efnis að skráning „fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi“. Enn fremur segir að sá sem „ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna“.

Tilgangur fornleifaskráningar er annars vegar að tryggja verndun menningararfsins og hins vegar að auðvelda bæði sveitarfélögum og Minjastofnun Íslands að móta stefnu í minjavörslu. Auk þess ber sveitarfélögum að móta stefnu í umhverfismálum í skipulagsvinnu sinni og menningarminjar eru vissulega hluti af umhverfinu. Sveitarfélagið getur ekki mótað stefnu um minjar sem fáir eða engir vita að eru til, í hvaða ástandi þær eru, né hvernar tegundar. Sveitarfélagið þarf að hafa heildarmynd af menningarminjum á sínu svæði og það verður ekki gert án fornleifaskráningar.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu minja og heldur úti heildarskrá yfir allar skráðar minjar á landinu. Stofnunin sér um að miðla skráningargögnum til framkvæmdaraðila, sveitarfélaga, fræðimanna og almennings. Öll gögn sem varða skráningu minja skulu afhent Minjastofnun Íslands og þurfa þau að uppfylla ofangreinda staðla til að teljast fullnægjandi.

Hér á eftir eru talin upp helstu tilefni fornleifaskráningar og kröfur vegna þeirra skilgreindar.

Almennari útlistun á reglum vegna mismunandi tilefnis skráningar er hægt að nálgast [hér](#).

### 4.1 Aðalskipulag

Í almennum reglum Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu jarðfastra minja eru settar fram lágmarkskröfur um skráningu vegna aðalskipulags. Þar kemur fram að skrá skuli minjar í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum. Skrá skal allar minjar innan þessara svæða. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kafla 2](#).

## 4.2 Deiliskipulag

Skrá skal allar minjar innan deiliskipulagssvæðisins. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#). Undir þetta falla allar tegundir deiliskipulaga, t.d. hverfisskipulag.

## 4.3 Verndarsvæði í byggð

Skrá skal allar minjar innan verndarsvæðisins. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

## 4.4 Umhverfismat

Skrá skal allar minjar innan afmörkunar umhverfismatsins. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

## 4.5 Veitulagnir

Skrá skal allar minjar innan áhrifasvæðis veitulagna. Skráningarsvæðið er oftast 15 m til hvorrar handar frá áætlaðri legu veitulagnar, nema annað sé tekið fram í umsögn Minjastofnunar Íslands. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

## 4.6 Vegagerð

Skrá skal allar minjar innan áhrifasvæðis vegagerðar. Skráningarsvæðið er oftast 100 m til hvorrar handar frá áætlaðri legu vega, nema annað sé tekið fram í umsögn Minjastofnunar Íslands. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

## 4.7 Framkvæmdir

Skrá skal allar minjar innan áhrifasvæðis framkvæmda. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

## 4.8 Skógrækt

Skrá skal allar minjar innan afmörkunar samningssvæðis fyrirhugaðrar skógræktar. Skráning skal fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

## 4.9 Rannsóknir

Ef rannsóknarverkefnið er styrkt af sjóðum eða sérstökum fjárveitingum á vegum Minjastofnunar Íslands skal skráning fara fram samkvæmt gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands, sbr. [kaflí 2](#).

Einnig skal hafa í huga að æskilegt væri að skila gögnum úr öðrum rannsóknum, óháð aðkomu Minjastofnunar Íslands, til varðveislu hjá stofnuninni.